



Fréttabréf heimsforeldra
Nóvember 2006

HEIMSFÖRELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA



Kæra heimsforeldri,

Eins og þú hefur eflaust tekið eftir erum við hjá Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna að fara að halda Dag rauða nefnsins í fyrsta skipti á Íslandi þann 1. desember. Ég tel að það sé manneskjunnri eðlislægt að gleðja aðra og út á það gengur Dagur rauða nefnsins. Það að gleðjast og gleðja aðra, og þá sérstaklega börn í Afríku sem búa við sára neyð.

Við viljum að allir landsmenn taki þátt í þessu átaki með okkur og biðjum þig sem heimsforeldri að hvetja aðra í kringum þig til að kaupa rautt nef og gerast heimsforeldrar. Þannig vinnum við saman að því að gera heiminn betri fyrir börnin okkar.

Að kvöldi 1. desember ætlar einvalalið leikara og grínista að skemmta landanum í beinni útsendingu í opinni dagskrá á Stöð2. Í dagskránni ætlum við að sýna myndbrot frá raunverulegum aðstæðum barna í Afríku og segja sögur þeirra.

Í þessu fréttabréfi ætlum við að byrja á því að kynna ykkur fyrir nokkrum af þeim börnum sem þið munuð sjá í þættinum. Þar má nefna Fatmötu frá Sierra Leone og systkinin Celumusa, Bheki og Welile frá Svasílandi. Á baksíðunni er svo fjallað nánar um söfnunarátakið Dag rauða nefnsins.

Við vonum að þú hafir það gott yfir hátíðarnar og hlökkum til áframhaldandi samstarfs við þig á nýju ári.

Með kærri kveðju,

Stefán Ingi Stefánsson,
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

Jóla kortasala UNICEF hafin

Skoðaðu úrval vandaðrar gjafavöru og korta UNICEF á vefsíðu okkar www.unicef.is. Auðvelt er að panta kortin með því að senda póst á kort@unicef.is eða hringja í síma **5 62 62 62**. Þú getur einnig keypt UNICEF jóla kortin í öllum betri bókaúðum landsins eða á skrifstofu UNICEF Ísland að **Laugavegi 42, 2. hæð**.

Á skrifstofu UNICEF eru einnig seldar vandaðar gjafavörur, jóla skraut og dagbækur fyrir árið 2007. Þú getur til dæmis fengið kerti sem eru handunnin í Suður-Afríku eða Tælandi. Í ár verðum við með tvær tegundir af sjöllum fyrir konur sem eru handunnin af færum vefurum í Perú og Indlandi. Hálsbindi fyrir karlmenn, sem seldust upp í fyrra, eru einnig komin aftur. Allur ágóði sölnunnar rennur til verkefna UNICEF um allan heim.



haha

Hvað er hnöttótt, með hár og hóstar?

– Kókoshneta með kvef.

híhí

Fíll og mús voru á leið yfir brú.

Fíllinn: Mikið svakalega brakar í brúnni. Ég held hún sé hreinlega að detta í sundur.

Músin: Það er nú engin furða þegar við erum bæði á henni í einu.

híhí

Hvað gerist þegar læða étur lopahnykil? – Hún gýtur vettlingum.

hehe

Af hverju fljúga galdranornir á kústum?

Af því að ryksugur eru of háværar!

haha

- Þjónn! Það er hár í súpunni minni!

- Já, en hugsaðu þér ef það væri súpa í hárinu þínu.

Í hverju heyrir 999 stepp og síðan eitt plonk?

- Í þúsundfætlu með tréfót!

hehe


haha... þetta er fyndið!!!



Útgefandi: UNICEF Ísland
Laugavegi 42
101 Reykjavík
552 6310 / heimsforeldri@unicef.is

Verndari heimsforeldra er frú Vigdís Finnbogadóttir.
Tengiliður heimsforeldra er Snjólaug Aðalgeirsdóttir.
Framkvæmdastjóri: Stefán Ingi Stefánsson.
Stjórnarformaður: Einar Benediktsson.

Forsíða: Ljósmyndir © Börkur.
Hönnun og prentun: Prentsmiðjan Oddi.



© Jónsi



© Jónsi

Bheki, Welile og Celumusa sjást hér fyrir framan kofann sinn. Þau hafa misst báða foreldra sína úr alnæmi og sjá nú um sig sjálf.

Fatmata, 14 ára, með Ingibjörgu Kristjánsdóttur og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Ingibjörg og eiginmaður hennar, Ólafur Ólafsson, styrktu uppbyggingu 50 grunnskóla í Sierra Leóne og er Fatmata nú í einum þeirra. Þorgerður Katrín opnaði formlega einn skólanna.

Menntun er gulli betri

Þegar gull fannst í Kono-héraði í Sierra Leóne fluttist Fatmata Jalloh þangað með foreldrum sínum sem gerðust námuverkamenn. Hún hafði náð öðrum bekk í skólanum þegar hún þurfti að hætta. Þegar Fatmata var aðeins tíu ára gömul byrjaði hún að selja smáhluti við námurnar til að drýgja tekjur heimilisins. Eins og gefur að skilja var umhverfi námanna ekki fyrir ungar stúlkur og Fatmata varð fyrir daglegu áreiti. Í dag segist hún hafa verið heppin að hafa aldrei orðið fyrir alvarlegri árás. Fatmötu langaði alltaf að byrja aftur í skóla en vegna fjarlægðar við næsta skóla var það ekki hægt.

Munaðarlaus börn í Svasílandi

Í Svasílandi er hæsta hlutfall HIV-smitaðra í heiminum. Af um milljón íbúum þessa litla lands eru fjórtíu prósent HIV-smitaðir. Yfir sextíu þúsund börn hafa séð foreldra sína deyja vegna alnæmis og mörg þeirra eru sjálf HIV smituð. Munaðarlausum börnum fer ört fjölgandi í Svasílandi.

Celumusa er 12 ára gamall og síðan foreldrar hans dóu fyrir þremur árum hefur hann hugsað um systkini sín tvö, þau Bheki 10 ára og Welile 8 ára. Celumusa viðurkennir að lífið sé erfiðara eftir að foreldrarnir létust. Þegar hann var litill drengur horfði hann á foreldra sína veikjast og aðeins níu ára gamall þurfti hann ekki aðeins að glíma við sorgina við að missa foreldra sína, heldur einnig að taka ábyrgð á heimili og litlu systkinum sínum. Sem betur fer býr amma þeirra nálægt svo það veitir aðeins öruggara umhverfi.


Stuðningur þinn skiptir máli: Vegna átaks UNICEF í Svasílandi um að ná til ört vaxandi hóps munaðarlausra barna ganga þau nú í skóla og eiga örhlita von um betra líf. Systkinin byrjuðu öll í fyrsta bekk í ár og af um 50 börnum í bekknum er Celumusa með hæstu einkunn, Bheki númer fjögur og Welile númer sjö.

Í gegnum UNICEF styrkir þú fjölda verkefna sem ætlað er að stemma stigu við útbreiðslu alnæmis í Svasílandi. UNICEF styrkir miðstöð fyrir munaðarlaus börn þar sem þau fá mat, skjól, föt, lyf og félagslegan stuðning. Einnig einbeittir UNICEF í Svasílandi sér að því að koma í veg fyrir smit frá móður til barns með fræðslu og lyfjagjöf.



© UNICEF ÍSLAND /Stefán

Stuðningur þinn skiptir máli: Eftir að UNICEF og samstarfsaðilar byggðu svokallaðan samfélagsskóla í þorpinu hennar Fatmötu gat hún loksins látið þann draum rætast að fara aftur í skóla. Með því að byggja minni skóla í þorpinum sjálfum er fleiri börnum veitt tækifæri á að ganga í skóla. Fatmata, sem nú er 14 ára, var ein af þeim fyrstu til að sækja nýja skólann. Nú er hún laus úr viðjum barnaprælkunar og getur lifað eðlilegra lífi. Þó hún sé miklu eldri en aðrir skólafélagar hennar þá er hún stolt af því að ganga í skóla og stefnir á að verða hjúkrunarkona.





© Fréttablaðið

Hláturinn lengir lífið!

Dagur rauða nefnsins verður haldinn í fyrsta skipti á Íslandi þann 1. desember. Söfnunarátakið nær hámarki í þriggja klukkustunda opinni dagskrá á Stöð2 þar sem einvalið íslenskra grínista mun skemmta landanum og hvetja alla til að gerast heimsforeldrar. Þannig mun orðatiltækið *hláturinn lengir lífið* fá víðtækari merkingu.

Mikið verður um grín og glens í aðdraganda Dags rauða nefnsins. Landsmenn eru hvattir til að gleðjast og gleðja aðra með því að kaupa rauð trúðanef til styrktar bágstöddum börnum um allan heim. Rauðu nefin kosta **500 krónur** og fást í verslunum **Bónus, 10-11, útibúum Glitnis** og **á bensínstöðvum Essó** um allt land.

Einnig sömdu Baggalútsmenn lagið **Brostu** sérstaklega fyrir UNICEF í tilefni af þessum fyrsta Degi rauða nefnsins. Ýmsir þekktir einstaklingar léðu laginu rödd sína. Þar má heyra í fegurðardrottningunni Unni Birnu, rokkurunum Magna og Bubba, stjórnálmönnum Siv Friðleifs og Steingrími Joð, Íþróttálfinum Magnúsi Scheving, útvarpsstjóranum Páli Magnússyni, viðskiptamógúlnum Hannesi Smárasyni og biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni. Geisladiskurinn kostar **990 krónur** og fæst í verslunum **Skifunnar, BT** og **Hagkaupum**.

Allur ágóði af sölu geisladisksins og rauðu nefjanna rennur til verkefna UNICEF um allan heim.



Vilt þú vera gestur í sjónvarpssal?

Heimsforeldrum býðst að taka þátt í Degi rauða nefnsins með því að vera gestir í sjónvarpssal 1. desember. Ef þú hefur áhuga hvetjum við þig eindregið til að hafa samband við Helenu hjá Saga Film í síma 515 4692 eða senda póst á helena@sagafilm.is fyrir þriðjudaginn 28. nóvember og fá allar nánari upplýsingar. Það komast um 170 manns í salinn og því er um að gera að skrá sig og sína sem fyrst!

Bakhjarlar

Nýlega skrifuðu Baugur Group, FL Group, Fons, Glitnir og Samskip undir styrktarsamninga við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi um að greiða samtals 20 milljónir á ári til starfsins næstu þrjú ár.



© Lilja

Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, sagði af þessu tilefni að vegna stuðnings fyrirtækjanna gæti UNICEF haldið áfram starfi sínu af krafti. „Fyrirtækin fimm hafa áður styrkt UNICEF með ýmsum hætti og gerast nú bakhjarlar UNICEF af heilum hug. Þessir samningar eru 60 milljón króna virði og tryggir það að við getum haldið áfram að styðja við börn í sárri neyð,“ sagði Stefán þegar samningarnir voru kynntir.

Fyrsta verkefni UNICEF og bakhjarlanna er að halda Dag rauða nefnsins á Íslandi, sem er stærsta söfnunarátak UNICEF til þessa. Fjöldmörg fyrirtæki koma einnig að samstarfinu og má þar helst nefna 365, Icelandair, Íslensk almannatengsl, Saga Film og Stöð2.

Takk

Einvalið leikara, tónlistarfólks og skemmtikrafta kemur að Degi rauða nefnsins og án þeirra væri ekkert gaman. UNICEF á Íslandi þakkar öllu þessu hæfileikafólki og að sjálfsgöðu þeim fyrirtækjum sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera Dag rauða nefnsins að veruleika. Nú viljum við bara að landsmenn stilli á Stöð2 þann 1. desember!

Þú getur lesið nánar um átakið og fylgst með nýjustu fréttum á vefnum www.rauttnef.is.



© Olafur